

Orðræða ungs fólks um sjálfsmyndir, þjóðarvitund og hnattvæðingu

Guðný Guðbjörnsdóttir

Háskóla Íslands

Sergio Morra

Háskólanum í Genoa

Markmið þessa erindis er að greina frá rannsókn á menningarímyndum ungs fólks á Íslandi við árpúsundamót. Kannað var hvernig orðræðan um hið íslenska og hið hnattræna birtist í sjálfsmyndum ungs fólks, og hvar unga fólkíð staðsetur sig menningarlega nú og til framtíðar. Einnig var kannað hvort skil væru á milli orðræðunnar um þjóðarímyndina annars vegar og eigin sjálfsmyndar hins vegar. Alls var talað við 48 ungmenni, á aldrinum 15, 18 og rúmlega tvítuga háskólastúdenta í vísindum, listum og hug- og félagsvísindum, jafnmarga af báðum kynjum. Einnig voru tekin viðtöl við tíu nýbúa á sama aldri. Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl yfirleitt í skólum viðkomandi. Úrvinnslan í þessu erindi er fyrst og fremst eigindleg, orðræðugreining. Niðurstöður benda til að orðræða ungs fólks um menningarímyndir breytist töluvert frá grunnskóla til háskóla. Ráðandi orðræða lykilþáttakendanna sem í þessari grein eru háskólanemarnir er að þeirra sjálfsmynd tengist bæði þeirra heimabæ og Íslandi, nú og til framtíðar, annaðhvort af því það sé óhjákvæmilegt eða vegna þess að það sé hagkvæmur eða góður valkostur á hnattvæðingartímum. Ráðandi orðræða nýbúanna er að það sé útilokað fyrir þá að verða Íslendingar, þeir sveiflast á milli upprunamenningar og íslenskrar menningar, eða hafna báðum og hafa þá óstaðbundna sjálfsmynd. Þó að þjóðarímynd flestra viðmælenda sé sterk, og ekki í andstöðu við aðrar ímyndir, þá höfðar íslensk menning missterkt til þess unga fólks sem rétt var við. Fram koma vísbendingar um hvernig tengja megi betur sjálfsmyndir ungs fólks og íslenska menningu með breyttum áherslum í námskrám og kennsluáferðum. Niðurstöður eru settar fram með áherslu á orðræðu eða raddir unga fólksins og ræddar með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum. Þessi athugun er hluti af rannsókn höfunda um menningarlæsi, menningarímyndir og skapandi starf, sem styrkt hefur verið af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannsóknarráði Ítalíu.

Hvernig staðsetur ungt fólk á Íslandi sig í umheiminum við árpúsundamót? Hvernig ræðir ungt fólk um íslenska menningu, þjóðarvitund og sig sem Íslendinga á tímum síaukinnar hnattvæðingar? Hvað með aðflutt ungt fólk; hvernig ræðir það um íslenska menningu og hvernig staðsetur það sig í veröldinni, hefur það tilfinningu fyrir þjóðarvitund? Hvernig á skólakerfið að bregðast við þeim menningarbreytingum sem hnattvæðingin og tilflutningur vinnuafsls á milli landa hefur í för

með sér? Þetta eru nokkrar þeirra spurninga sem búa að baki þeirri rannsókn sem hér er greint frá á menningarímyndum ungs fólks. Rannsóknin er gerð í framhaldi af fyrri rannsókn höfunda á þekkingu og skilningi ungs fólks á íslenskrri menningu (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1997, 1998; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2000).

Að einstaklingar fái jákvæða sjálfsmynd og finnist þeir tilheyra eigin menningu eru oft talin lykilatriði til að þeir eigi von um jafnrétti og

velgengi í lýðræðisþjóðfélagi (Tatum, 1999). Samkvæmt þessu sjónarmiði hefur það mikið gildi að skilja hvernig sem best má tryggja að skólinn gefi sem flestum möguleika á að öðlast jákvæða sjálfmynd og jákvæða tilfinningu fyrir eigin menningu.

Í þessari grein verður greint frá orðræðum eða félagslegum röddum ungs fólks, hvernig það staðsetur sig í umheiminum, um sjálfmyndir þeirra sem Íslendinga og þjóðarvitund þeirra á tímum hnattvæðingar og fjölmennningarlegra áhrifa.

En hvað er átt við með hugtökunum sjálfmyndir, þjóðarvitund og hnattvæðing?

Með hugtakinu sjálfmynd er oft átt við tvö meginatriði. Annars vegar grunnatriði eins og að vera aðskilin persóna, sem birtist í tilburðum til sjálfstæðis og valda (*e. agency*) og hins vegar það að vera hluti af félagslegri eða trúarlegri heild, sem birtist í þörf fyrir nánd, sameiningu og samkennd með stærri heild (*e. communion*) (Gjerde og Onishi, 2000, 217). Sjálfmyndir fólks eru í mótun alla ævi, en unglingsárin eru yfirleitt talin mjög mikilvæg fyrir þá þróun, þegar barnaímyndin vísar og fólk nær að skilgreina sig á eigin forsendum út frá auknum vitrænum þroska (Erikson, 1968; Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994).

Átök við sjálfmyndarmótun eru af margvíslegum toga. Ein átökin eru á milli þess að líta á sjálfmyndina sem heildstæða og þá tengda aldri, uppruna, kynþætti, kynferði eða tilteknum stofnunum og þess að hún sé fljótandi, sjálfvalin að hluta og í sífellndri þróun (Wallace-Cowell, 1999). Sjónarmiði manngildisstefnunnar um heildstæða sjálfmynd var ögrað af Foucault (1980) og póstrúktúralistum sem hafa bent á mikilvægi valds við mótun sjálfmyndar að þekking á sjálfinu eins og önnur þekking verði til í valdatengslum innan ákveðinnar orðræðu. Foucault taldi sjálfið því vera óstöðugt þar sem það er staðsett samtímis í mismunandi orðræðum og valdatengslum, og því væru mótsagnir oft óhjákvæmilegar og eðlilegar (Mansfield, 2000; Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994). Valdið í merkingunni tengsl var

hefðbundið tengt stéttarstöðu, kynferði eða kynþætti en síðustu árin hefur hnattvæðingin og netvæðingin gert neyslumeningu unglunga miðlæga í þessu samhengi (Bean og Moni, 2003). Menningarfræðingar benda á að unglingar séu ekki eins staðbundnir og áður, reiki gjarnan um á verslunarmiðstöðvum, flugvöllum, lestarstöðvum, á öldum ljósvakans eða í sýndarveruleika internetsins. Þessir staðir gefi ekki sömu festu og fjölskyldan, skólinn, vinnan og samfélagið gerði áður fyrir sjálfmyndarmótun, þeir séu meira fljótandi, oft sveipaðir glansmynd og skapi frekar firringu en tengsl (Dolby, 2002). Það sjónarmið kemur fram að þessar aðstæður skapi víðast hvar meiri frávík frá hefðbundinni félagsmótun og mótun þjóðarvitundar en áður hefur þekkt. Þjóðarvitund fólks muni breytast, því hún byggir hefðbundið á útilokun, sem gangi ekki á tímum hnattvæðingar. Því er oft talið að þriðja árhúsið eða 21. öldin einkennist af menningarblöndu (hybridity), með tilheyrandi breytingum á sjálfmyndum fólks (Portella, 2000).

Fræðilega eru því skiptar skoðanir um hvort gera má ráð fyrir að atferli og skoðanir fólks á sjálfum sér flæði frá fastmótudum kjarna persónuleikans og margir velta fyrir sér hvernig ungt fólk í dag fer að (Cameron, 2000; Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, 2001). Þegar fólk talar um sjálfmynd sína eða samsömun (identity) endurspeglar það eigin sjálfmynd en eru um leið að skapa hana (*e. doing identity*) (Cameron, 2000). Hér er lítið á talað mál (*e. spoken discourse*) sem mikilvæga uppsprettu fyrir þá sem vilja skoða hvernig sjálfmyndir eru að mótast og á rannsóknargögnin sem texta sem endurspeglar orðræðu, hvernig ungt fólk á Íslandi talar um eigin þjóðarvitund og hvaða merkingu íslensk menning hefur fyrir viðkomandi. Athugað verður því hvort orðræða unga fólksins endurspeglar hugmynd manngildisstefnunnar og móðernismans um heildstætt sjálf eða hugmyndir póstmóðernismans um að sjálfmyndin sé spurning um val eða eigin sköpun við ofanefndar aðstæður, margbreytilega siði, neysluhyggju og sýndar-

veruleikan. (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, 2001).

Önnur átök við sjálfsmyndarmótun eru tengslin á milli sjálfsmýndar (*ego-identity*) og þjóðernissjálfsmýndar eða þjóðarvitundar (*e. ethnic- eða national identity*) og nú á tímum átökin á milli þjóðarvitundar og hnattvæðingar (Wallace-Cowell, 1999). Í þessari grein er það einkum sá hluti sjálfsmýndarinnar sem er til athugunar. Þetta hugtak hefur verið skilgreint sem „tilfinning fyrir innbyrðis tengslum á milli hóps fólks sem á sameiginlega sögu sem rekja má til sama staðar eða lands“ (Branch, 2001, 414). Hvernig birtist hið íslenska í sjálfsmýndum ungra Íslendinga nú í ljósi hnattvæðingar? Almennt er talið mikilvægt fyrir þróun þjóðernissjálfsmýndar barna og unglunga af erlendum uppruna að þau hafi góð tengsl við upprunamenningu sína og að þjóðernissjálfsmýnd sé þungamiðjan í þróun sjálfsmýndar hjá menningarlegum minnihlutahópum. Þjóðernisminnihlutahópar búa oft við fordóma og mismunun, sem valda sálrænum og námslegum erfiðleikum hjá viðkomandi einstaklingum. Talið er að sterk þjóðernisvitund veiti einstaklingum slíkra hópa styrk gegn því að varpa neikvæðum viðhorfum inn í eigin hóp og hafi jákvæð áhrif á þroska þeirra og aðlögun (Rannveig Traustadóttir, 2001; Phinney, 1990).

Þó að hnattvæðing sé lykilatriði í menningu samtímans hefur sálfræði menningarsamsömunar um of horft fram hjá henni (Gjerde og Onishi, 2000). Sjálfsmýnd óháð stað (deterritorialized identity) er talin afleiðing hnattvæðingar og í andstöðu við menningarbundið, staðbundið sjálf. Gjerde og Onishi (2000) setja spurningamerki við að hefð sem byggist á Evrópska þjóðríkinu og þýskum hugmyndaheimi sé nothæft tæki til að skýra áhrif hnattvæðingarinnar í sjálfsmýnd fólks og þróun þjóðarvitundar á 21. öldinni. Greining á þjóðarvitund krefjist greiningar á ráðandi orðræðum og hegemonísku valdi. Að öðrum kosti verði hætta á skilum á milli þjóðarvitundar og menningar. Í því sambandi megi ekki hunsast margbreytileikann, innflytjendur og

menningarblöndu (*e. hybridity*). Einnig verði að gera ráð fyrir innri spennu hjá einstaklingum á milli sjálfstæðis og samkenndar.

Hugtakið eða fyrirbærið hnattvæðing er flókið og margslungið. Oft er talað um sex þætti hnattvæðingar sem hafa mismunandi vægi fyrir mismunandi einstaklinga: alþjóðlegan flutning fólks og þjóðarbrot; fjármál og verslun; boðskipti og upplýsingatækni; myndun alþjóðlegra samtaka; málfarslega, menningarlega og hugmyndafræðilega samræmingu; og heimsvædd eða alþjóðleg kerfi tákna og ímynda (Marginson, 1999). Gera má ráð fyrir að hugtakið hnattvæðing sé skilið á mismunandi hátt hjá viðmælendum, einkum hjá þeim sem yngri eru. Margt bendir til að hnattvæðingin, ekki síst flutningur á fólki og fyrirtækjum, ásamt netvæðingunni komi hreyfingu á fyrirbæri eins og menningu, sjálfsmýnd/ samsömun/ sjálfsvitund (*identity*), kynþátt, ríki, þjóð og stundum fjölskyldu í hugum fólks og fyrstu viðbrögð virðast oft þau að fólk vill styrkja það hefðbundna, og halda í öryggið sem því fylgir (McCarthy o. fl. 2003).

Nokkrar rannsóknir eru til á þessu viðfangsefni erlendis (Branch, 2001; þemahefti *Harvard Educational Review*, 73, 2003) svo og á æskilegum viðbrögðum í skólakerfinu. Engar rannsóknir liggja fyrir um þetta ferli hjá ungu fólki hér á landi, þó að ýmislegt sé þegar vitað um innflytjendur eða nýbúa á Íslandi. Þar má nefna að árið 2001 voru 18.338 íbúar landsins eða 6,4% fæddir erlendis og eiga lögheimili hér. Af þeim voru 9.850 erlendir ríkisborgarar eða 3,4 % af fjölda landmanna, langflestir á höfuðborgarsvæðinu. Af Norðurlöndunum er hlutfallslega flest fólk af erlendum uppruna búsett í Noregi, því næst í Svíþjóð, þá í Danmörku og á Íslandi en fæstir í Finnlandi (Ragnheiður Kristinsdóttir, 2002; Hagstofa Íslands; Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug H. Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 1997). Í ljósi sívaxandi hnattvæðingar og Evrópuvæðingar þótti fróðlegt að kanna nú hvernig orðræða ungs fólks um sjálfsmýndir og þjóðarvitund birtist hér á landi og hugleidda hvers konar viðbrögð væru æskileg í skólum.

Rannsóknarspurningar

Meginspurningar greinarinnar eru eftirfarandi:

1. Hvernig birtist orðræðan um hið íslenska og hið hnattræna í sjálfsmyndum ungs fólks? Hvar í tilverunni staðsetur ungt fólk sjálft sig nú og til framtíðar?
2. eru skil á milli orðræðunnar um þjóðarímyndina annars vegar og eigin sjálfsmynd hins vegar eða kemur íslensk menning unga fólkinu persónulega við?

Aðferð

Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við ungt fólk á aldrinum 14-30 ára, yfirleitt í skólum viðkomandi. Viðtölin voru tekin af fjórum rannsakendum, sem allir hafa reynslu af sambærilegum viðtölum. Til samræmingar þótti nauðsynlegt að hafa viðtalsrammann skýran með fyrirmælum um að hafa viðtölin samt sem áður sveigjanleg eða hálfopin og allir rannsakendur tóku forviðtöl í þjálfunarskyni. Öll viðtölin voru tekin upp og afrituð frá orði til orðs. Úrvinnslan í þessari grein er fyrst og fremst eigindleg. Aðeins er stuðst við hluta af því efni sem fram kom í viðtölunum.

Þátttakendur

Í þessum rannsóknaráfanga voru tekin viðtöl við 58 einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu, þar af sextán 14 ára (9. bekk), sextán 18 ára (3. ár í framhaldsskóla) og sextán háskólastúdenta (meðalaldur 22,5 ár) í listum, raunvísindum og hug- og félagsvísindum, jafnmarga af báðum kynjum. Úrtakið var valið þannig að spurningalisti höfunda úr fyrri áfanga rannsóknarinnar (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1998) um þekkingu á íslenskri menningu var lagður fyrir 296 einstaklinga, þar af 109 8. bekklinga í tveimur grunnskólum, 86 framhaldsskólanema á öðru ári úr tveimur menntaskólum og 101 háskólanema frá 2 háskólum í Reykjavík. Að lokum voru 16 nemar valdir úr hverjum aldurshópi þannig að bæði nemar með mikla þekkingu og minni á íslenskri menningu, væru með, og voru

þeir paraðir saman á öðrum breytum eins og kynferði, félagsstöðu foreldra og almennri þekkingu. Að auki voru tekin viðtöl við 10 nýbúa alls á sama aldri. Þeir voru valdir eftir ábendingum frá viðkomandi skólum og frá aðilum sem til þekkjja.

Lykilþátttakendur í þessari grein eru elstu þátttakendurnir, 16 háskólanemar í listum, raunvísindum, hug- og félagsvísindum svo og nýbúarnir. Þó er stuðst við allt úrtakið í greiningu á fyrstu rannsóknarspurningunni eins og fram kemur í niðurstöðum. Nýbúarnir sem hér er vitnað til voru í framhaldsskólum eða nýhættir þar. Öllum nöfnum hefur verið breytt til að varðveita trúnað við þátttakendur.

Greining gagna

Greining í þessu erindi er eigindleg. Á meðan trúverðugleiki meginlegra rannsókna byggist á hefðbundnum mælingum á gildi og áreiðanleika ákvarðast áreiðanleiki eigindlegra rannsókna aðallega af trúverðugleikanum, þó að um það sé fræðilega spennandi og krítísk umræða í gangi (Lather, 2001). Hugtakið orðræða er miðlægt og á við viðurkennda orðnotkun fræðigreina, stjórnmála eða menningar, hvernig er fjallað um hlutina á tilteknu augnabliki, viðurkennda þekkingu eða sannleika sem orðið hefur til í samskiptum ákveðinna félagslegra afla (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001, 11).

Sem áður segir er litið á talað mál sem mikilvæga uppsprettu eða texta sem endurspeglar orðræðu, um merkingu íslenskrar menningar og þýðingu hennar fyrir sjálfsmyndir viðkomandi. Stuðst er við orðræðugreiningu á talmáli, svokallaða krítíska orðræðu-greiningu (*critical discourse analysis*) (Cameron, 2001; Howarth, 2000; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001). Í grunninn er um textagreiningu á viðtölum að ræða, þar sem í fyrsta lagi er leitað eftir ráðandi leiðum við að orða hlutina og í öðru lagi er reynt að átta sig á merkingu eða túlkun á viðkomandi orðræðu. Almenn er greiningin á ráðandi orðræðu gagnsæ og óumdeild, þó að rannsakendur séu stundum sakaðir um að sýna of fá dæmi eða að nefna ekki dæmi um gagnrök. Túlkun á merkingu orðræðunnar er

oftar umdeildari eins og í rannsóknum yfirleitt, ef marka má aðferðafræðilega umfjöllun (Cameron, 2002,137). Gögnin voru marglesin yfir og ráðandi orðræður greindar svo og margbreytilegar raddir lykilþáttakenda, sem eru háskólanemarnir í þessari grein. Í túlkun er m.a. komið inn á merkingu niðurstaðna fyrir skólalastar á tímum hnattvæðingar.

Niðurstöður

Orðræðan um þjóðarvitundina eða hið íslenska og hið hnattræna í sjálfsmyndum ungs fólks

Hvernig talar ungt fólk um það að vera Íslendingar við árpúsundamót? Hvaða hópar eru það sem það samsamar sig með? Hvernig staðsetur þetta unga fólk sig í veröldinni á tímum hnattvæðingar? Kenna þeir sig við heimahagana, tiltekna stofnanir, við landið eða sjá þau sig sem heimsborgara? Hvernig hljóma raddir þeirra? Til að nálgast þessi svör var m.a. spurt eftirfarandi spurninga: Hvernig myndir þú lýsa sjálfum þér sem Íslendingi í stuttu máli? Að hve miklu leyti finnst þér sjálfsmynd þín vera staðbundin, landsbundin eða hnattræn? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að vera Íslendingur? Hér verður ekki um tæmandi greiningu að ræða, heldur lögð áhersla á lýsandi dæmi er gefa innsýn í hvernig þetta unga fólk í þremur aldurshópum staðsetur sig.

Greina mátti ákveðinn aldursmun í svörunum. Níundu bekingarnir sögðust oftast líta á sig sem Vesturbæinga eða Reykvíkinga og kenndu sig stundum við stofnanir eins og Íþróttafélag. Nokkrir sögðust þó fyrst og fremst vera Íslendingar eða af íslenskum uppruna og í þeim tilvikum voru þeir yfirleitt aðfluttir til Reykjavíkur utan að landi eða höfðu alist upp að hluta erlendis.

Elín í 9. bekk:

Ég er náttúrulega borgarborn dauðans. Grafarvogur er sveit fyrir mér. Ég fæddist bara alveg á Laugaveginum ... er Reykvíkingur ... ég tala íslensku og hugsa íslenskt og ... maður er með þjóðarrembing Ef Íslendingar keppa í einhverju þá held ég alltaf sjálfkrafa með þeim.

Jafnaldri hennar *Lárus* úr 9. bekk:

Ég er hetja. Íslendingar eru hetjur að þola þetta veðurfar, og þó, við eigum alltaf að vera að vinna, getum ekkert verið úti ... annars er ég bara svona nokkum veginn venjulegur, mikið fyrir tölvuleiki og svona ... Ég lít mest á mig sem Vesturbæing, samt held ég ekki með KR.

Á framhaldskólaárunum verða sjálfslýsingarnar áberandi flóknari. Bernskuímyndin er að hverfa, flóknari hugsunarmáti kemur fram og flóknari heimur blasir við.

Menntaskólanemarnir svöruðu oftast þannig að það færi eftir samhengi hvort þeir litu á sig sem Íslending, aðallega gerðu þeir það eftir að þeir fóru til útlanda eða í útlöndum og þegar þeir eru að fylgjast með íslensku liði í einhverri keppni til dæmis. Undantekningar voru á þann veg að sjálfsmyndin væri blanda af einhverju staðbundnu, landsbundnu og heimsborgaranum. Einn sagðist fyrst og fremst líta á sig sem ungan íslenskan heimsborgara, enda ákveðinn í að búa erlendis í framtíðinni.

Heyrum í *Snorra*, sem kennir sig við tiltekna stofnun (stjórn málaflokk) og vill líta á sjálfsmyndina sem fastmótaðan kjarna, sem ber að halda fast í:

Ég er í sjálfstæðisflokknum. Ég held ég sé kannski ekkert vöðalega góður Íslendingur ... ég ætla að fara út og kem ekki aftur ... Nei ég myndi örugglega ekkert breytist í Dana ... nei maður er Íslendingur og myndi örugglega forðast aðra menningu svo maður verði ekki fyrir áhrifum ... ég er ungur íslenskur heimsborgari.

Sigríður er einn af mörgum framhaldsskólanemum sem skilgreinir sig ákveðið sem Íslending og hefur lært ýmislegt um Íslendinga á ferðum sínum erlendis

Ég hef búið hér alla mína ævi, það fylgir nú því ekkert hvernig persóna ég er. Ég er náttlega Íslendingur en ég er samt rosalega svona heims... Ég ferðast mikið og nýt mín rosalega mikið annars staðar ... þá sér maður hvernig Íslendingar eru, hvernig þeirra viðhorf er og græðgin svo mikil og svoléiðis en auðvitað er maður fyrst og fremst Íslendingur ... ég get ekkert sagt að ég sé af einhverju öðru þjóðerni en ég er sko.

Háskólafólkið kenndi sig oftast við þann

stað sem það ólst upp á, sagðist vera frá tilteknum stað úti á landi, Reykvíkingur eða af höfuðborgarsvæðinu. Þrír sögðust þó vera Íslendingar fyrst og fremst, þó þeir væru úr Reykjavík. Einn sagðist vera allt í senn og fyndi ekki fyrir neinum átökum þar á milli, annar sagðist vera reykvískur heimsborgari og enn annar lagði áherslu á að hann liti fyrst og fremst á sig sem heimsborgara.

Háskólanemarnir eru yfirleitt stoltir af því að vera Íslendingar, en margir nefna þjóðrembu sem þeim finnst oft svífa yfir vötnunum meðal Íslendinga. Heyrum fyrst í *Höllu*, en segja má að hennar afstaða endurspegli ráðandi orðræðu eins og hún birtist hjá háskólanemum:

Mín sjálfsmynd sem Íslendingur held ég tengist því að við erum fámenn eyþjóð fjarri öðrum ... hún mótast ... held ég ... ákaflega mikið af þeirri sögu og menningu sem ég hef alist upp við og þeirri sjálfsvitund sem ég hef fengið í gegn um grunn- og menntaskólann ... að við séum fámenn þjóð, fáir tala tungumálið okkar, við erum að mörgu leyti einstök. Ég trúi því að við séum það, því fámennið gerir það að verkum að við þurfum að vera betri í flestu heldur en stærri þjóðir, og erum það og fjölhæfari. Þannig að sjálfsmynd mín sem Íslendingur er afskaplega sterk og ég er mjög stolt af því að vera Íslendingur, án þess að það valdi þjóðernisrembu eða sterkri vitund um að Íslendingar séu bestir eða mestir, þá held ég að umhverfið herna hafi mótað okkur, lífsbaráttan hér hafi gert það, en það er náttúrulega svoldið í gegnum þessa söguvitund sem haldið hefur verið að manni. Ég er allt í senn Reykvíkingur, Íslendingur og alþjóðleg ... og það eru í rauninni engin átök á milli þessarra þátta.

Oddur háskólanemi virðist líta á sjálfsmyndina meira sem spurningu um val, fremur en fastmótaða:

Ég myndi lýsa mér sem Íslendingi af þeirri kynslóð, sem lítur á sig sem svona alþjóðlega, Ísland er rosalega mikið inni á kortinu hjá mér, mér finnst það mjög kúl að vera Íslendingur, það er rosalega mikið „hype“ í gangi ... mér finnst það vera mjög trendí að vera Íslendingur, það er svona eins og að vera í frægri hljómsveit ... Svo get ég líka alveg verið einhver öðruvísi Íslendingur. Ég held að Íslendingar hugsi mjög mikið um það hvernig út á við þetta kemur út allt saman, svona hvernig aðrir hugsi og svona ... Mér finnst það

mjög góð tilfinning að vera ekki bara hluti af landi eða borg heldur einhverjum stórum heimi. Ég er Reykvíkingur sem heldur að hann sé heimsborgari eða eitthvað álíka.

Aldursmunurinn í svörunum sýnir að þjóðar-sjálfsmyndin mótast sterklega á unglingsárum. Háskólanemarnir skilgreina sig gjarnan út frá sínum heimabæ, og sem Íslendinga en framhaldsskólanemarnir eru afstæðari í hugsun, með allt undir ennþá. Margir framhaldsskólanemarnir nefndu að það hefði yfirleitt ekki hvarflað að þeim að þeir væru Íslendingar fyrr en eftir að þeir fóru fyrst til útlanda. Grunnskólanemar sem eru aðfluttir utan af landi eða erlendis frá skilgreindu sig helst sem Íslendinga og finna þannig leið til samkenndar, til að vera eins og hinir í Reykjavík, þó þeir telji sig ekki Reykvíkinga.

Eins og framangreind svör gefa til kynna virðist ekki mikið um átök á milli íslenskrar og hnattvæddrar samkenndar, þó að flestir finni fyrir þeim breytingum sem hnattvæðingin er. Heyrum í tveimur háskólanemum til viðbótar, fyrst *Huldu*:

Ég held að til að geta (notið sín) ... í heimi sem er sífbreytilegur og fullur af áreiti, þá verði maður fyrst og fremst að þekkja sjálfa sig mjög vel, hafa mjög sterkar rætur ... Ég held að í hverjum ungum Íslendingi búi tvær sjálfsmyndir ... annars vegar þessi alþjóðlega og hinsvegar þessi íslenska og smám saman erum við að samtvinna þær ... og þá verður að byggja á grunni sem við þekkjum og er traustur. Ef við þekkjum hana (íslenska menningu) ekki mjög vel, munum við aldrei læra að þekkja okkur sjálf, þannig hefur þetta persónulega þýðingu.

Páll sem einnig er háskólanemi telur ráðlegast að hugsa ekki mikið um áhrif hnattvæðingar á sjálfsmyndina:

En ég held að Íslendingar séu alltaf að verða meiri Evrópubúar, vilji vera í evrópsku hagkerfi og meira að segja núna vilja þeir vera eitthvað í SP ... þó við séum ekki einu sinni með her ... En hvort að þessi hnattvæðing ... eigi eftir að láta mig vilja verða meiri Íslending eða minni, held ég sé bara hollast að hugsa ekkert rosalega mikið á þeim nótum.

Íslendingar í framtíðinni?

Páll nefnir Evrópubúa en hvernig er orðræðan um þjóðarímyndina ef horft er til framtíðar, telja viðmælendur að þeir skilgreini sig sem Íslendinga í framtíðinni? Ráðandi orðræða er alveg skýr: „Ég breytist ekki, verð ávallt ég“ ; „ég verð ávallt fyrst og fremst Íslendingur“; „ég er bara kona og verð líklega ekki Íslendingur fyrr en ég hef búið erlendis“, „ég verð fyrst Íslendingur, svo Evrópubúi“, „líklega ekki, bara frá Íslandi“, „ég mun skilgreina mig sem alþjóðlegan Íslending“ eru dæmigerð svör, sem sýna bæði hve þjóðarímyndin eða þjóðernissjálfsmyndin er sterk í orðræðunni og að unga fólkið staðsetur sig í heimi breytinga án mikilla átaka. Vangaveltur um eðli persónuleikans fylgja með, hér er dæmi um að sjálfsmyndin sé stöðugt að mótast og breytast. *Jónas*, háskólanemi:

Menn vilja alltaf trúá því að þeir séu þeir sjálfir ... hafi einhvern svona persónuleika og séu ekki svona að breytast, séu ekki háðir hvaða orðræða er í gangi á hverjum tíma og það er þessi blekking sem við lifum í. Ég náttúrulega, sem hver annar, trúi því þeirri blekkingu að ég sé ég sjálfur, að ég muni vera ... ja, kannski ekki óbreytanlegur en svona nokkurn veginn eins ... svo ég verð að segja nei (við að hann skilgreini sig sem Íslending í framtíðinni).

Stefán háskólanemi bendir á hvað landinn er frægur og því sé hagkvæmt að velja það að skilgreina sig áfram sem Íslending, fremur en að hann telji það óhjákvæmilegt:

Nei ég held ég skilgreini mig ekki sem Evrópubúa. Nei, ég held að við Íslendingar séum í tísku, íslenskir listamenn eru mikils metnir, tónlistarmenn eins og Sigurrós og Björk ... mjög sérkennilegir listamenn. ... ég held að við Íslendingar séum þínu vinsælir ...

En hvað með nýbúana, aðflutta Íslendinga, líta þeir á sig sem Íslendinga eða kenna þeir sig við sitt bæjarfélag eða ípróttafélag? Hvernig hljóma raddir þeirra um hnattvæðinguna og hvernig birtist þeirra þjóðernissjálfsmynd? Sjá má greinileg merki átaka og að þeir sveiflist á milli íslenskrar menningar og upprunalandsins eins og kenningar gera ráð fyrir og rannsóknir sýna (Branch, 2001). Heyrum fyrst rödd *Sonju*,

sem hefur verið 10 ár á Íslandi og er nú 20 ára í framhaldsskóla númer tvö og farin að vinna:

Ég er tælsk, þótt ég sé íslenskur ríkisborgari er ég ennþá tælsk. Ég get ekki verið svona blönduð íslensk og tælsk. Þú færð líka alls staðar að vita að það er ekki hægt að vera íslensk. Til dæmis af því ég hef dökka húð. Mér líður samt illa með það. En þess vegna get ég ekki verið verið íslensk, ekki einu sinni svona 10% ... íslenskir krakkar líta ekki á okkur sem Íslendinga ... þá er betra að vera tælsk og við tölum því alltaf saman á tælsku. Þegar ég var í ... skólanum voru krakkarir alltaf eitthvað að tala um að ég væri heimsk og einhver svona orð og ég gafst upp ... við bara gefumst upp, þetta er of erfitt. Bæði íslenskan og íslensku krakkarir ... mig langar áfram í skóla en ... ég get þetta ekki svona. Nei ég get ekki kallað mig ... bæing. Það er sterkt að ég er Tælendingur ... Fólk segir við okkur „reyndu ekki að vera eins og við“ eða „farðu bara heim til þín, hvað ert þú að gera hér?“.

Ráðandi orðræða nýbúanna var sú að þeir væru íslenskir ríkisborgarar en ekki Íslendingar. Þeir kenndu sig ýmist við heimaland sitt eða litu á sig sem heimsborgara. Einnig komu fram dæmi um svokallaða staðlausa sjálfsmynd. Viðmælandi er *Patrik* 21 árs nýbúi í starfsnámi, sem flutti hingað frá Tælandi fyrir 14 árum.

Mér ... *hlátur* ... Íslendingur nei ég get eiginlega ekki lýst mér sem Íslendingi en ég er íslenskur ríkisborgari ... en ég er frekar einhver sem kemur og fer. Sko þegar maður er með Íslendingum fær maður alltaf að vita að maður er ekki Íslendingur og þá labbar maður burtu, það er best þegar maður verður fyrir fordómum ... Mér finnst ég ekki vera Íslendingur og heldur ekki Tælendingur ég er bara svona hlutlaus. Ég get ekki sagt að ég sé (úr mínum bæ) því þeir sem eru þar munu ekki hjálpa mér ef ég lendi í vandræðum. Þeir fara bara. Vinir mínir hjálpa hver öðrum ... við erum Tælendingar, Filipseyingar og aðrir sem hafa flutt hingað ... það er miklu skemmtilegra en að vera með Íslendingum, þeir eru bara ... svo miklar fyllibyttur ... *hlátur* ... þeir rugla í manni þegar þeir eru fullir ... svo tala þeir ekki við mann þegar þeir eru ekki fullir.

Niðurstaðan er sú að orðræðan um samkennd og þjóðarsjálfsmynd eða þjóðarvitund sé sterk og ráðandi (hegemonisk), þó hún breytist greinilega með aldri viðmælenda. Lang-

flestir líta á sig sem Íslendinga, sumir telja óhjákvæmilegt að þeir verði það alltaf á meðan aðrir velja að vera Íslendingar af því það sé hagkvæmt eða flott. Ráðandi orðræða nýbúanna er einnig mjög einsleit, að þeir geti varla orðið Íslendingar, þó þeir séu íslenskir ríkisborgarar. Flestir skilgreina sig ákveðið út frá menningu upprunalandsins, en nokkrir hafna upprunamenningunni án þess að telja sig íslenska og virðast fara á mis við þá samkennd sem þjóðarsjálfsmyndin eða þjóðarvitundin veitir.

Er samræmi á milli orðræðunnar um sjálfsmyndina og þjóðarímyndina?

Viðmælendur voru m.a. spurðir um hvað þeir lesi helst, hvort það skipti máli hvort bækur séu íslenskar eða erlendar, hvort þeim finnst mikilvægt að lesa Íslendingasögur eða íslenskar bókmenntir í skólum og hvaða merkingu það hafi helst fyrir þá miðað við annað lesefni. Ráðandi orðræða var á þann veg að það væri mikilvægt að kenna um íslenskar bókmenntir og Íslendingasögurnar í skólum. Nýbúarnir lögðu meiri áherslu á tungumálið og að bókmenntirnar væru val fyrir þá sem hafa áhuga.

Sumir viðmælenda gerðu greinarmun á mikilvægi þess að kenna íslenskar bókmenntir eða Íslendingasögurnar fyrir íslenska menningu annars vegar og fyrir sig persónulega hins vegar, sem líta má á sem einkenni firringar eða rótleysi eða skorti á samkennd (McCarthy o. fl. 2003). Dæmi um slíkt svar er eftirfarandi frá háskólanemanum *Hönnu*:

Já mér finnst mjög mikilvægt að fólk kynnist þessum sögum (Íslendingasögum) ... ég meina þetta er einhver merkasta bókmenntaarfleifð Íslendinga ... Mér finnst þetta bara svona brilliant sögur margar og það er alveg fánánlegt að lesa þetta ... mér finnst það alveg þess virði að hérna ... þvæla fólki í gegnum þær. Hvort sem því líkar betur eða verr. ... Nei, ég get ekki sagt að þær hafi haft persónulega þýðingu fyrir mig.

Aðrir lögðu áherslu á að þjóðarremban væri full mikil fyrir sinn smekk en fundu eitthvað annað sem höfðaði til þeirra persónulega:

Það hefur verið mikið kennt af sögulegum skáldsögum, þær eru alltaf að vitna í Íslandssöguna og sérstaklega í sjálfstæðisbaráttuna, þetta hefur náttúrulega verið aðal íssjúði á þessari (síðustu) öld, hjá öllum rithöfundum. Það hefur verið rosalegur rembingur í gangi ... og ég held samt að það mætti alveg passa sig, að Íslendingar fari ekki að halda að þeir séu einhverjir heimsmeistarar í öllu bara ... Mér finnst allt svona þjóðernis, ekkert rosalega eftirsóknarvert ... Mér finnst þó maður eins og Halldór Laxness sem listamaður hafa mikla persónulega þýðingu fyrir mig ... af því hann fór út og gerði hlutina. Það eru frekar svona hlutir sem mér finnst hafa þýðingu fyrir mig, hann var svona góð fyrirmynd.

En hvað með nútímabókmenntirnar, ná þær betur til sjálfsmyndar þessa unga fólks? Sumar nýjar bækur eru ekkert síður fjarlægjar eða óaðgengilegar en Íslendingasögurnar. Algengast var að fá blönduð svör, þar sem hluti bókmenntanna fellur viðkomandi vel en hluti er óaðgengilegur. Heyrum í *Stefáni*:

Það sem fer svona nett í pírurnar á mér eru íslenskir höfundar ... sem eru ofboðslega mikið að vera flippaðir og miklir listamenn ... svona yfirborðskenndir, týpískir klisjulistamenn. *Eins og?* Mikael Torfason, hann fer ofboðslega í taugarnar á mér. Ég veit ekki af hverju. Það var fínt að tala við hann. En framsetningin og svona suddalegheitin, mér fannst hann ganga svolítið of langt, ég er kannski bara svona gamaldags ... Við eigum alveg ofboðslega marga góða penna og íslensk bókmenntaflóra er bara frábærlega víð. Við erum með fallegar og dramatískar bækur eins og eftir Einar Má ... afflúans hver einasta bók. Svo erum við komin með frábæran glæpasagnahöfund, Arnald ... hinn íslenska John Grisham ... frábæra höfunda eins og Sjón og Braga Ólafs og Andra Snæ, sem er náttúrulega bara snillingur ... Ég hef lesið minna af þessum höfundum sem eru í dag, Hallgrím Helgason að vísu og Sjón, þó það hafi farið svolítið fyrir ofan garð og neðan, átt svolítið erfitt með að lesa hann ... þetta var bókinn *Augu þín sáu mig* það var engin leið fyrir mig að skilja það, ég var reyndar bara 17 en ég gafst upp ... Þetta er einhver súrrealismi, ég veit ekki alveg hvað hann er að fara með það.

Fornbókmenntirnar gátu haft verulega persónulega þýðingu og orðið hluti af sjálfsmynd viðkomandi. Stundum virðist kennsluáferðin hafa skipt sköpum eins og hjá *Stefáni*:

Það að lesa Gísla sögu Súrssonar bara breytti mér svolítið á mínum unglingsárum, þegar maður var að horfa á MTV eða eitthvað svoleiðis, þetta virkaði eins og svona mótvægi, verður Íslendingur. Eins og að fara á þorablót, maður „íslenskast“ ... einu sinni fórum við í svona hlutverkaspil ... sem heitir Askur Yggdrasils og vinur minn leiddi mig inn í söguþráð Gíslasögu og þegar við vorum búnir vorum við búnir að breyta gangi sögunnar. Ég var einhver persóna sem kom þarna inn í söguna og var vitnað í þegar Vésteinn var drepinn, og ég elti árárarmanninn á skíðum og náði honum og svo drap ég hann og ... Þorgrím nef. Þetta var alveg stórskemmtilegt.

Önnur leið að sjálfsmynd unga fólksins er að tengja bókmenntirnar við menningu ungs fólks í dag og með uppeldisáhrifum að heiman, eins og virðist hafa átt sér stað hjá *Oddi*:

Mér finnst Íslendingasögurnar mjög mikilvægar ... alltaf verið að tala um þessa víkinga sem bara sigldu um og kváðu rímur og eitthvað ... bara lýsingar á villingum ... akkúrat það sem gerir þær skemmtilegar ... fullkomlega siðblindar bókmenntir ... manni er kennt þetta, svona skaltu í rauninni vera ... skáld sem voru í hirðum ... Þetta var bara eins og með rapparana nú ... rapparar eru með hirðir í kring um sig, þeir eru gangsterar ... bara eins og víkingar ... það voru stríð á milli hirða, eins og gengin eru úti ... ég held þetta hafi virkað mjög sterkt á mig ... maður vildi vera svona, þetta voru algjörar fyrirmyndir ... ekkert spes góðar fyrirmyndir ... bara eins og rokkstjörnur ... Egilssaga er uppáhaldssagan mín, hann var ... fullkomlega siðblindur ... þegar ... hann fór tilbaka og drap alla ... engin virðing fyrir mannlífum ... þetta hefur líka persónulega þýðingu fyrir mig af því að þetta er eitt af því sem mamma mín (kennari) sagði mér oft frá ... já ég hef allavega rosalega miklar, sterkar taugar til þessara bókmennta.

Síðastnefndu dæmin sýna að mögulegt er að snerta ungt fólk hvort sem er með forn-bókmenntum eða nútímabókmenntum, þó að ljóst sé einnig af viðtölunum að fyrir allt of marga þá eru þetta frómar bókmenntir sem ná ekki að snerta eða hafa áhrif á sjálfsmynd viðkomandi í skóla, þó þær eigi ef til vill eftir að gera það síðar og séu að þeirra mati oft ómissandi hluti af skólanámi Íslendinga.

Samantekt og umræða

Að lokum verður leitast við að draga saman niðurstöður og setja þær í fræðilegt og menntunarlegt samhengi. Fyrst var spurt hvernig orðræðan um hið íslenska og hið hnattræna birtist í sjálfsmyndum ungs fólks? Hvar í tilverunni ungt fólk staðsetur sjálft sig nú og til framtíðar? Ráðandi orðræða grunnskólanemanna var að kenna sig við sitt nánasta umhverfi, Reykjavík eða tiltekið bæjarhverfi eða stofnanir eins og Íþróttafélag. Þeir sem sögðust vera Íslendingar voru helst þeir sem voru aðfluttir af landsbyggðinni eða erlendis frá. Fyrir aðra grunnskólanema var það að vera Íslendingur ekki mikilvægt og heimsborgarinn var ekki í auglýsni. Orðræða framhaldskólanemanna virðist endurspeglar afstæðari hugsun: Þeir eru Íslendingar, aðallega þegar þeir eru í útlöndum eða þegar við erum að keppa í einhverju, en stundum eru þeir fyrst og fremst Reykvíkingar eða Vesturbæingar og nokkrir heimsborgarar líka. Orðræða háskólanemanna var skýrust. Þeir segjast vera frá þeim bæ sem þeir ólust upp í, en einnig Íslendingar. Evrópuvæðing og hnattvæðing er mjög raunverulegur hluti af orðræðunni, ýmist sem jákvætt, neikvætt, eða hlutlaust fyrirbæri. Það kom þægilega á óvart hve fáir upplifa eiginleg átök á milli staðbundinnar, íslenskrar, evrópskrar eða alþjóðlegrar sjálfsmyndar. Orðræðan um sjálfsmyndir og þjóðarímyndir endurspeglar bæði það sjónarmið að persónuleikinn sé óbreytanlegur eða breytist lítið, og hitt að sjálfsmyndin sé að hluta sjálfsvalin og fljótandi: nú sé flott að vera svona eða hinsegin Íslendingur eða heimsborgari og þá sé hagkvæmt að skilgreina sig þannig. Því má segja að hugmynd manngildisstefnunnar um heildstæða sjálfsmynd sé álíka lifandi í hugum viðmælenda og hugmynd póststrúktúralista um fljótandi og óstöðugt sjálf, sem breytist eftir hagsmunum, orðræðu og valdatengslum.

Það er greinilega ráðandi orðræða meðal nýbúanna að þeir upplifi sig á jadrinum, finni sig útilokaða frá íslenskri menningu eða sveiflist á milli staðbundinnar menningar og upp-runamenningar, eins og algengt er í erlendum

rannsóknnum. Fræðimenn greinir á um það hvort lokastig þróunarferilsins sé að einstaklingurinn samræmi þessi tvö sjónarmið eða að það sé háð einstaklingum og menningarhópum (Branch, 2001). Niðurstaðan er umhugsunarverð í ljósi þess að flestir viðmælendur sem voru fæddir á Íslandi virtust jákvæðir gagnvart innflytjendum, en oft með skilyrðinu „ef þeir læra okkar tungu og menningu“. Þetta bendir til að ráðandi orðræða endurspegli svokallaða samlögun (*assimilation*), sem felur í sér að minnihlutahópar samlagist fyrst og fremst ráðandi menningu. Orðræðan endurspegladi einnig það sjónarmið að menning nema af erlendum uppruna væri kynnt í skólum að vissu marki. Það bendir til að samþættingarstefnan (*integration*), sem leggur áherslu á að það sé vðfangsefni okkar allra að verða hluti af hnattvæðingunni og að nýbúar aðlagist nýrri menningu best með því að treysta grunn sinnar upprunamenningar (Rannveig Traustadóttir, 2001), virðist eiga einhvern hljómgrunn. Í lok fyrri áfanga þessarar rannsóknar nefndi höfundur (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2000) að fróðlegt væri að kanna hvernig nýbúar upplifa íslenska menningu og afstöðu annarra nemenda til upprunamenningar nýbúa og ræddi um hugtökin fjölhyggju (*e. pluralism*) og fjölmenningu (*e. multiculturalism*) í því sambandi. Fyrirnefnda hugtakið leggur áherslu á að skólinn móti tilfinningu fyrir menningar- eða þjóðarheild, en hið síðara að nauðsynlegt sé að menningarhópur allra nema sé virtur í skólanum, því samkennd innan hans veiti merkingu og verði vettvangur persónuþroska og skapandi starfs. Einnig það sjónarmið Feinbergs (1998) að æskilegt sé að sameina þessi sjónarmið í skólastarfi, þar sem hættan við fjölmennningarlegar áherslur sé ógnun við þjóðarheildina, en hættan við fjölhyggjuna sé firring minnihlutahópa. Þessi athugun bendir til að enn vanti nokkuð á að þessi sjónarmið séu jafnvirt eða samþætt í þjóðfélaginu, ef marka má orðræðu viðmælenda.

Seinni spurning greinarinnar beindist að því að kanna hvort það eru skil á milli orðræðunnar um þjóðarímyndina annars vegar og um eigin

sjálfsmynd hins vegar - eða hvort íslensk menning kemur unga fólkinu persónulega við. Ljóst er að sumir upplifa skil á milli íslenskrar menningar og þjóðarímyndarinnar annars vegar og eigin sjálfsmyndar hins vegar. Þeim finnst æskilegt að kenna um íslenska menningararfinn og styrkja þjóðarímyndina, það eigi að skylda menn til þess, óháð því hvort áhugi sé fyrir hendi hjá viðkomandi. Þó að þetta teljist ráðandi sjónarmið orðræðunnar, heyrðust fleiri raddir. Skýr dæmi komu fram um það hvernig þeir sem upplifðu ekki þessi skil náðu að tengja bókmenntirnar eða menningarefnið við eigin sjálfsmynd, fannst efnið merkingarbært og tengdu það jafnvel við eigin sköpunarverk.

Í því sambandi er verðugt að minnast að menning þjóðar er ekki aðeins arfur liðinna kynslóða, heldur ekki síður lifandi og skapandi starf uppvaxandi kynslóðar (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1997, 1998). Í nýlegu temahefti *Harvard Educational Review* (2003, 3) er fjallað um áhrif hnattvæðingar á sjálfsmyndarþróun ungs fólks, fræðileg sjónarmið og tillögur um æskilegar breytingar á menntastefnu. Mælt er með því að ganga út frá skapandi unglíngamenningu sem flestra hópa í skólastarfi, til að tengja saman menningu þeirra, sjálfsmynd og staðar- eða þjóðmenningu viðkomandi. Í unglíngamenningunni birtist oft markalínur áttakahópa, hverjir tilheyri hvaða hóp og hvers vegna og átökin um skilgreiningu á hvað það þýðir að vera borgari og tilheyra viðkomandi þjóð eða þjóðmenningu (McCarthy o. fl., 2003). Ef skólagangan og menningarlæsi beinist ekki að sjálfsmyndum einstaklinga eða tiltekinnna hópa þá sé verið að afneita viðkomandi jöfnum tækifærum á við aðra menntunarlega, félagslega, efnahagslega og pólistískt (Tatum, 1999, 2003). Þetta sjónarmið er m.a. byggt á ítarlegum rannsóknum og riti Paul Willis (*Learning to Labor*, 1977) á viðbrögðum ungs fólks við þjóðfélagsbreytingum 20. aldar og hvernig þau birtast í skólum, stundum talið eitt mikilvægsta rit um menningu ungs fólks á Vesturlöndum (Dolby og Dimitriadis, 2004). Það er niðurstaða McCarthy o.fl. (2003) að

Þessi leið muni leiða til þess að mun fleiri nái að tengja sjálfan sig við menningu bæði skólans og þjóðfélagsins og henti því vel fyrir lýðræðisleg þjóðfélög sem byggja á grunngildum ástúðar, umönnunar, umburðarlyndis og jafnréttis fyrir allt mannkyn og er þar m.a. að tala út frá sjónarmiðum svokallaðra „póst-kolóníalista.“

Wahono (2002) ræðir um fjórar leiðir til að tengja eða takast á við þróun samsömunar eða sjálfsmynda og margbreytileikann eða fjölmeninguna á tímum hnattvæðingar: Ein sé að horfa fram hjá vandamálinu; önnur sé meðvitað að útiloka suma; þriðja að þykjast vera opinn fyrir öllum en vera það ekki í reynd. Fjórdu leiðina kallar hann umburðarlyndi, að vera hlið við hlið í sátt og samlyndi. Wahono (2002) telur síðastnefndu leiðina ófullnægjandi og kallar eftir nýrri nálgun svokallaðri „með-tilveru“ (*e. pro-existence*) þar sem áhersla er ekki bara á umburðarlyndi heldur á lifandi og skapandi tengsl allra hópa til hagsbóta fyrir heildina.

Segja má að ofanefndar hugmyndir Feinbergs, Wahonos, McCarthys og Willis eigi margt sameiginlegt og kalli á endurskoðun á skólastarfi sem er fastbundið út frá hefðbundnum greinabundnum námskrám og hugmyndum um samræmd próf fyrir alla. Nemamiðaðra eða einstaklingbundnara nám (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003a og 2003b; Behar-Horenstein, 2000) yrði valkostur frá hefðbundnum námskrám ráðandi menningar þar sem námsefnið er óaðgengilegt fyrir stóran hóp nema sem hvorki finnur sjálfan sig í skólanum, né nær almennilegum tókum á menningarlæsi eða viðkomandi þjóðmenningu. Valkostur þar sem útgangspunkturinn er neminn sjálfur og hans áhugamál eða menning, þar sem námsgreinar eru samþættar og margskonar menningarumræða þrífst á jafnréttisgrundvelli. Þá fær unga fólk að njóta sín og koma þeim breytingum á sem lýðræðið kallar á í framtíðinni að mati Willis (2003), sem ávallt leggur höfuðáherslu á að ungt fólk eru pólitískir gerendur en ekki aðeins óvirkir þolendur skólakerfis sem viðheldur völdum ráðandi hópa (Dolby og Dimitriadis, 2004).

Um leið og telja verður mikilvægt að tengja menningarumfjöllun í skólum við menningu nýbúa sem annarra, þá má telja líklegt að hugtök eins og þjóðmenning og þjóðarvitund eigi eftir að taka verulegum breytingum. Mjög mikilvægt er að skólinn stuðli að því að nýbúar líti á sig sem „bæði og“, en ekki „hvorki né“; að þeir tilheyri bæði upprunamenningunni og þeirri íslensku í stað þess að öðlast óstaðbundna sjálfsmynd eins og dæmið um hann Patrik sýndi svo glöggt (*Morgunblaðið*, 2004, 24. mars).

Nánari útfærslur á skólastarfi þar sem menning ungmenna, sjálfsmyndarþróun og vitund þeirra um eigin staðar- eða þjóðmenningu eru tengd saman, er flókið efni sem höfundar hafa rætt nánar í annarri grein um sömu rannsókn (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 2004). Það er mikil ögrun að taka mið af rannsóknarniðurstöðum sem þessum (Mahiri, 2004) ekki síst á tímum sem þjóðmenningin er víða í vörn og krafan um samræmd próf er hluti af stefnu stjórnvalda um árangursstjórnun í menntakerfinu eins og höfundur hefur fjallað um annars staðar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001). Ýmsir hafa bent á (Luke, 2004; Allen, 2001; Apple, 2004) að þarna stangist verulega á krafa nýfrjálslyggjunnar um samræmt mat á skólastarfi sem samanburður og samkeppni á milli skóla og skólakerfa byggist á og krafa hnattvæðingarinnar um fjölmeningarlegar áherslur og nám sem er í takt við áhuga og þarfir hópa og einstaklinga þar sem menningarblanda (*hybridity*) og valfrelsi eru ráðandi öfl. Spyrja má hvernig kerfislega má meta margbreytilegt menningarlæsi (*mandating multi-literacies*), hvort næsta skref sé að finna upp samræmda mælikvarða á það?

Þakkir

Þakkir eru færðar eftirtöldum aðilum: Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannsóknarráði Ítalíu fyrir að styrkja rannsóknina. Viðmælendum okkar, 58 nemendum á þremur skólastigum fyrir þátttökuna og fróðleg viðtöl; einnig viðkomandi skólastjórnendum, kennurum og foreldrum fyrir góða samvinnu og

veitta aðstöðu; Margréti Gauju Magnúsdóttur, Berglindi Rós Magnúsdóttur og Þórdísi Þórðardóttir sem tóku viðtölin ásamt fyrsta höfundu. Valgerði S. Bjarnadóttur, Önnu Berglindi Þorsteinsdóttur og Rósu S. Gísladóttur fyrir afritun viðtala og aðra aðstoð.

Heimildir

- Allen, R. L. (2001). The globalization of white supremacy: Toward a critical discourse on the racialization of the world. *Educational Theory*, 51, 4, 467-486.
- Apple, M. W. (2004). Between Good Sense and Bad sense: Race, Class, and Learning from Learning to Labor. Í Alvermann, D. E. (ritstj.). (2004). *Adolescents and Literacies in a Digital World*. New York: Peter Lang, 61-82.
- Bean, T.W. og Moni, K. (2003). Developing student's critical literacy: Exploring identity construction in young adult fiction. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 46(8), 638-647.
- Behar-Horenstein, L. S. (2000). Can modern view of curriculum be refined by postmodern criticism? Í Glanz, Jeffrey og Behar-Horenstein, L. S. (ritstj.). *Paradigm debates in curriculum and supervision: modern and postmodern perspectives*. Westport, Ct.: Bergin & Garvey.
- Branch, C.W. (2001). The many faces of self: Ego and ethnic identities. *The Journal of Genetic Psychology*, 162(4), 412-429.
- Cameron, D. (2000). *Working With Spoken Discourse*. London: Sage.
- Dolby, N. (2002). Youth, culture, and identity: Ethnographic explorations. *Educational Researcher*, 31(8), 37-42.
- Dolby, N. og Dimitriadis, G. (2004) An Introduction. Í Dolby, N. og Dimitriadis, G. með Paul Willis (ritst.). (2004). *Learning to labor in New Times*. New York/ London: RoutledgeFalmer.
- Erikson, E. H. (1968). *Identity: Youth and crisis*. London: Faber og Faber.
- Feinberg, W. (1998). *Common Schools, uncommon identities. National unity & cultural difference*. New Haven: Yale University Press.
- Foucault, M. (1980). *Power/Knowledge*. New York: Pantheon.
- Gjerde, P. F. og Onishi, M. (2000). Selves, cultures and nations: The psychological imagination of "the Japanese" in the era of globalization. *Human Development*, 43 (4/5), 216-227.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1994). Sjálfsm myndir og kynferði. *Fléttur: Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 135-200.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2000). Hvernig skilar menningararfurinn sér til ungs fólks? Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum III*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun, 251-268.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kynferði við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 10, 9-43.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003a). Hugmyndir um kyngervi og jafnrétti í námskrám grunnskólans. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í Félagsvísindum IV*. Háskóli Íslands: Háskólaútgáfan. (257-271).

- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003b). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldskólans í kynjafræðilegu ljósi. Í *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 12, 43-64.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (1997). Social and developmental aspects of Icelandic pupils' interest and experience of Icelandic culture. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 41(2), 141-163.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (1998). Cultural literacy: Social and developmental aspects of experience and knowledge of Icelandic culture. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 42(1), 65-79.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (2004). Orðræður ungs fólks um íslenska menningu og skólastarf í ljósi hnattvæðingar. Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum V*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 373- 391.
- Howarth, D. (2000). *Discourse*. Buckingham: Open University Press.
- Lankshear, C., Gee, J. P., Knobel, M. og Searle, C. (1997). *Changing literacies*. Buckingham/Philadelphia: Open University Press.
- Lather, P. (2001). Validity as an Incitement to Discourse: Qualitative Research and The Crisis of Legitimation. Í Richardson. V. (ritstj.). *Handbook of Research on Teaching*, 241-249. Washington: American Education Research Association.
- Luke, A. (2004). What Happens to Literacies Old and New When They're Turned into Policy. Í Alvermann, D. E. (ritstj.). (2004). *Adolescents and Literacies in a Digital World*. New York: Peter Lang, 186-203.
- Mahiri, J. (ritstj.). (2004). *What They Don't Learn in School: Literacy in the lives of urban youth*. New York: Peter Lang.
- Mansfield, N. (2000). *Subjectivity: Theories of the self from Freud to Haraway*. St. Leonards, NSW: Allen og Unwin.
- Marginson, S. (1999). After globalization: emerging politics of education. *Journal of Educational Policy*, 14(1), 19-31.
- McCarthy, C., Giardina, M. D, Harewood, S. J. og Park J.-K. (2003). Contesting Culture: Identity and curriculum dilemmas in the age of globalization, postcolonialism, and multiplicity. *Harvard Educational Review*, 73(3), 449-465.
- Morgunblaðið*. (2004, 24. mars). Að verða „bæði og“, ekki „hvorki né“. Bls. 12.
- Phinney, J. S. (1990). Ethnic identity in older adolescents from four ethnic groups. *Journal of Adolescence*, 3, 171-184.
- Portella, E. (2000). Cultural cloning or hybrid cultures? *The Unesco Courier*, 53, 4, 9.
- Ragnheiður Kristinsdóttir. (2002). Íslenska fyrir alla. *Um íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og mikilvægi hennar*. M.A. ritgerð í Uppeldis- og menntunarfræði. Reykjavík: Félagsvísindadeild, Háskóla Íslands.
- Rannveig Traustadóttir. (2001). Menningarlegur margbreytileiki á Íslandi. Í Börn af erlendum uppruna. *Ritröð Barnaheilla*, 5, 16-33.
- Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug H. Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (1997). *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

- Tatum, A.W. (1999). Reading and The African American male: identity, equity, and power. *Journal of Adolescent and Adult Literacy*, 43, 62-65.
- Tatum, A.W. (2003). Conversational Borderlands: Language and Identity in an Alternative Urban High School. *Journal of Adolescent and Adult Literacy*, 46(5), 451-3.
- Wahono, S. W. (2002). Identity and plurality. *International Review of Mission*, 91(363), 504-516.
- Wallace-Cowell, S. M. (1999). Constructing Female Identities: Meaning Making in an Upper Middle Class Youth Culture. *Anthropology and Education Quarterly*, 30(4), 490-491.
- Willis, P. (2003). Foot soldiers of modernity: The dialectics of cultural consumption and the 21st-century school. *Harvard Educational Review*, 73(3), 390-415.